

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. apríl 2021 í máli nr. 111/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 13. október 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að endurgreiða sér alls 331.650 krónur í kjölfar afbókunar á fyrirhugaðri leigu á bifreið.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 16. og 27. október 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Framangreindum tölvubréfum var fylgt eftir með símtali ásamt tölvubréfi, dags. 9. nóvember 2020, sem starfsmaður varnaraðila staðfesti móttöku á.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, bókunarstaðfesting vegna leigu á bifreiðinni og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með tölvubréfi, dags. 21. desember 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar. Ábyrgðarbréf sama efnis var sent varnaraðila þann 2. febrúar 2021.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 10. júlí 2020 um fyrirhugaða leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 27. ágúst 2020 til 9. september 2020. Sóknaraðili greiddi alls 331.650 krónur til varnaraðila vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreiðinni. Í bókunarstaðfestingu vegna viðskiptanna kemur fram að unnt sé að afpanta leigu bifreiðarinnar, leigutaka að kostnaðarlausu.

Þann 19. ágúst 2020 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um afpöntun sína á leigu bifreiðarinnar vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins og krafðist endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem hann hafði greitt fyrir þjónustuna. Þann 20. ágúst 2020 barst sóknaraðila tölvupóstur frá varnaraðila þar sem fram kom að varnaraðila væri ekki unnt að endurgreiða sóknaraðila að svo stöddu vegna fjölda endurgreiðslubeiðna. Sóknaraðili kveðst hafa fengið annan tölvupóst frá varnaraðila þann 7. október 2020 þar sem aðrir skilmálar voru sagðir gilda um viðskiptin. Skilmálarnir fólu í sér 25% endurgreiðslu án tafar og 25% endurgreiðslu um sumarið árið 2021. Eftirstöðvar leigugreiðslunnar yrði svo unnt að nýta sem inneign til leigu á bifreið hjá varnaraðila ásamt 10% álagi á upphaflegu leigufjárhæðina.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 331.650 krónur.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 10. júlí 2020 um fyrirhugaða leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila. Leigutíminn var ákveðinn frá 27. ágúst til 9. september 2020 og greiddi sóknaraðili alls 331.650 krónur fyrirfram fyrir leigu bifreiðarinnar. Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila þann 19. ágúst árið 2020 að honum verði ekki fært að taka bifreiðina á leigu og krafðist endurgreiðslu.

Í bókunarstaðfestingu vegna viðskiptanna kemur fram að unnt sé að afpanta leigu á bifreiðinni án kostnaðar, en þar segir „FREE cancellation (included)“. Sóknaraðili hefur bent á að þrátt fyrir að varnaraðili hafi nú breytt skilmálum sínum hafi verið mælt fyrir um fulla endurgreiðslu ef hætt er við fyrirhugaða leigu á bifreið þegar meira en 48 klukkustundir eru þar til leigutímabilið á að hefjast.

Ákvæði um endurgjaldslausu afpöntun er skýrt í samningi aðila án nokkurs fyrirvara. Varnaraðila er ekki fært að breyta einhliða þeim skilmálum sem gilda í samningssambandinu og málsaðilar gerðu samning um. Varnaraðila ber því að endurgreiða sóknaraðila leigugjaldið að fjárhæð 331.650 krónur.

V Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 331.650 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson